



Fundargerð

7. fundur stjórnar LH. (símafundur) haldinn 18. mars 1998

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið. Halldór ritaði fundargerð.

Þessir voru mættir: Birgir Sigurjónsson, Sigríður Sighórsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Jón A. Sigurbjörnsson, Bergur Jónsson, Halldór Gunnarsson, og Sigurður Ragnarsson sem kom inn á fundinn í stað Sigurgeirs Bárðarsonar sem boðað hafði forföll.

1. mál

Ráðning framkvæmdastjóra

Á 6. fundi stjórnar LH. þann 11. mars sl. var formanni og gjaldkera LH. falið að ræða við Hallgrím Jónasson um kaup og kjör hans sem væntanlegs framkvæmdastjóra LH.

Birgir gerði grein fyrir þeim drögum að samkomulagi sem fyrir liggur milli aðila um málið og lýstu stjórnarmenn sig þeim sammála.

Samþykkt að fela formanni að ganga frá ráðningu Hallgríms hið fyrsta og ræða jafnframt við Sigurð Þórhallsson og Hallgrím um hvenær hann hæfi störf á skrifstofunni.

2. mál

Boð frá Danmörku

Birgir greindi frá því að fulltrúa frá LH. væri boðið að taka þátt í fundi FEI um PLEASURE RIDING í Kaupmannahöfn 28.-29. mars n.k.

Enda þótt ánægjulegt væri að senda fulltrúa á fundinn frá Íslandi telur stjórn LH. ekki mögulegt að þiggja þetta boð að þessu sinni. Formanni falið að senda svarbréf til Niels Jakobsen því til staðfestu.

3. mál

Samræmingarnámskeið

Fyrirspurn hefur borist skrifstofu LH. varðandi það hvort rétt sé að halda þau samræmingarnámskeið dómaradeilda LH. sem auglýst hafa verið í öllum landsfjórðungum meðan hestaveikin geisar. Þar sem námskeiðin eru byggð upp með fyrirlestrum og notkun myndbanda sér stjórnin ekki ástæðu til að hlutast til um að þeim verði frestað af fyrrgreindri ástæðu.

4. mál

Kvikmyndun LM'98

Kvikmyndun LM'98 var rædd á 4. fundi stjórnar LH. þar sem m.a. var ákveðið að gefa Samver á Akureyri 10 daga frest til þess að skila inn

tilboði í kvíkmyndun mótsins. Fulltrúar stjórnar LH. og fulltrúi framkvæmdastjórnar LM'98 höfðu áður rætt kvíkmyndun mótsins við þá aðila sem sýnt höfðu málínu áhuga.

Í framhaldi af þessum fundahöldum og umræðum um þetta mál var ákveðið að skrifstofa LH. sendi Samver bréf þar sem fram komi viljafyrlysing stjórnar LH. um að hún sé reiðubúin að ganga til samninga við fyrirtækið um kvíkmyndun mótsins. Halldóri og fulltrúa framkvæmdastjórnar LM'98 falið að vinna að málínu áfram.

5. mál

Landsmót árið 2000

Rætt var bréf frá hestamannaféluginu Fáki dagsett 10. mars sl. þar sem félagið telur nauðsynlegt að ákvörðun verði tekin nú þegar um hverjir verði mótshaldarar landsmóts árið 2000. Hér er átt við þau hestamannafélög sem verði rekstraraðilar mótsins og beri á því fjárhagslega ábyrgð sem og allri framkvæmd.

Í reglum um framkvæmd landsmóta segir m.a.:

**Stjórn LH. hefur forgöngu um undirbúning landsmóta m.a.
með því að hlutast til um að framkvæmdanefnd sé stofnuð.**

Á undangengum árum hefur LH. ásamit fulltrúuni eigenda mótssvæðis þar sem landsmóti hefur verið valinn staður kannað áhuga hestamannafélaga í viðkomandi fjórðungi á því hvort þau óski að taka þátt í rekstri mótsins. Þegar svör hafa legið fyrir boðar stjórn LH. fulltrúa allra þeirra félaga sem ákveðið hafa að vera rekstraraðilar mótsins til fundar þar sem framkvæmdanefnd landsmótsins er sett á laggirnar.

Í bréfi Fáks er rætt um óeðlilegan drátt sem orðið hafi "á ákvarðanatöku um val á mótshaldara" vegna landsmótsins árið 2000.

Stjórn LH. telur að þegar staðarval landsmótsins lá fyrir 4. júní 1997 hefði Fákur átt þá þegar að kanna áhuga hestamannafélaganna á Suðvesturlandi á þátttöku í rekstri mótsins. Félagið gat leitað stuðnings LH. við það verkefni.

Á síðustu vikum hafa mörg hestamannafélög á Suðvesturlandi sýnt því áhuga að gerast rekstraraðilar að mótinu, en flestum þeirra lýst ekki vel á hugmynd Fáks um að stofna hlutafélag um rekstur mótsins.

Töluverð umræða fór fram um málið og ákveðið að fela Birgi, Sigriði og Sigurði R. að ræða við fulltrúa Fáks um framvindu málsins með það markmið í huga að sem flest félög sjái sér fært að gerast rekstraraðilar að mótinu. Lögð var áhersla á að nauðsynlegt sé að hraða úrvinnslu þessa máls til þess að undirbúnингur landsmótsins geti hafist af fullum krafti.